

# MINNISPUNKTAR

Til: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Frá: Eyvindi G. Gunnarsson prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Dags.: 9. október 2019.

Efni: Lögræði sem skilyrði fyrir setu í stjórn skv. 5. mgr. 19. gr. frumvarps til laga um félög til almannaheilla

## I.

Að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hef ég undirritaður tekið saman minnispunkta þessa um 5. mgr. 19. gr. frumvarps til laga um félög til almannaheilla. Í nefndu ákvæði er m.a. mælt svo fyrir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli vera lögráða. Í nefndu ákvæði segir orðrétt svo:

Stjórn kýs sér formann nema samþykktir kveði á um annað. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Nú hefur bú einstaklings verið tekið til gjaldþrotaskipta og er hann þá ekki bær til að sitja í stjórn félags eða gegna stöðu framkvæmdastjóra þess fyrr en hann er aftur orðinn fjár síns ráðandi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um félög til almannaheilla segir orðrétt svo um þetta skilyrði:

Í 5. mgr. er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli vera lögráða, þ.e. að þeir þurfa að vera a.m.k. 18 ára, ekki sviptir lögræði og fjár síns ráðandi, þ.e. bú þeirra má ekki vera undir gjaldþrotaskiptum. Framangreind skilyrði geta verið félögum sem t.d. vinna að málefnum ungmenna tilefni til að huga að stjórnskipulagi sínu með það í huga að ungmenni yngri en 18 ára geti haft áhrif á starfsemi félagsins þó að þau geti ekki setið í stjórn þess.

Ákvæði 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins tekur til almennra hæfisskilyrða sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóri í félögum til almenningsheilla þurfa að uppfylla. Ekki verður annað ráðið en að skilyrðið sé hefðbundið og í samræmi við þau skilyrði sem gerð eru til almenns hæfis stjórnarmanna í öðrum félögum, t.d. hlutafélögum, einkahlutafélögum o.fl. Þá eru dæmi um það í lögum að gerð séu aukin skilyrði til stjórnarmanna, svo sem í fjármálafyrirtækjum. Alls staðar virðist gert ráð fyrir lögræði sem skilyrði fyrir stjórnarsetu í félögum.

## II.

Um lögræði fer samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 sem fjalla efnislega um lögræði. Lögráða verða menn 18 ára en í því felst að lögráða maður er bæði sjálfráða og fjárráða, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga. Í 3. gr. laganna kemur fram að fjárráða maður ráði einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg. Löggjafinn hefur ávallt gert kröfu um að ákveðinn sjálfræðis- og fjárræðisaldur. Lengst af var sjálfræðisaldur lægri en fjárræðisaldur en hefur verið hinn sami frá gildistöku gildandi lögræðislaga nr. 71/1997.

Samkvæmt Grágás urðu karlar fjárráða 16 ára og konur 20 ára. Með lögtöku Járnsíðu frá 1271 var aldurstakmarkið fyrir karla lækkað í 15 ár. Eftir ákvæðum Jónsbókar frá 1281 urðu menn fjárráða 20 ára. Með tilskipun frá 21. desember 1831 voru innleidd ákvæði 17. kap. 3. bókar dönsku laga Kristjáns V en fjárráða urðu menn þá 25 ár. Í tilskipuninni var þó gert ráð fyrir að veita mætti körlum leyfi til að verða fullmyndugir um fjármál 22 ára, en þá með tilsjónarmanni. Með lögræðislögum nr. 60/1917 var gert ráð fyrir lökkun fjárræðisaldurs úr 25 árum í 21 ár en á því var byggt að fjárræðisaldurinn væri fullhár. Með lögnum voru tekin upp tvö nýyrði „lögræði“ og „sjálfræði“. Eins var farið að nota orðið „fjárræði“ um þá sem voru fjár síns ráðandi. Í lögræðislögum nr. 95/1947 var áfram byggt á því að fjárræðisaldur væri 21 ár samkvæmt. Með lögræðislögum nr. 68/1984 var fjárræðisaldur lækkaður í 18 ár en sjálfræðisaldur var miðaður við 16 ár. Með gildandi lögræðislögum nr. 71/1997 var sjálfræðisaldur hækkaður í 18 ár og er nú hinn sami og fjárræðisaldur.

Eins og framanrakið ber með sér hefur löggjafinn alltaf miðað við lágmarksaldur varðandi sjálfræði og fjárræði sem saman mynda lögræði. Frá 1281 miðaðist fjárræðisaldur við a.m.k. 20 ár en er nú 18 ár. Augljóst er að sterk rök hníga til þess að aðeins þeir einstaklingar sem hafa náð ákveðnum lágmarks þroska og lífsreynslu geti stofnað til fjárskuldbindinga. Í þeim efnum er miðað við almennan mælikvarða, þ.e. ákveðinn árafjölda, en ekki þroska hvers og eins.

Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 18/1992, merkir barn í samningnum hvern þann einstakling sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrir lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Með lögræðislögum nr. 71/1997 var sjálfræðisaldur hækkaður úr 16 ára í 18 ára aldur. Í frumvarpi til laganna var vísað til þess að hið íslenska fyrirkomulag væri ekki í samræmi við löggjöf í nágrannalöndunum, auk þess sem rétt væri að fylgja skilgreiningu barnasáttmálans þar sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri væru skilgreindir sem börn.

Loks má benda á að einstaklingar sem hafa náð 18 ára lögræðisaldri kunna síðar að vera sviptir lögræði en heimilt er að svipta mann sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja, sbr. 4. gr. lögræðislaga. Þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um missa hæfi sitt til að sitja í stjórnnum félaga, t.d. hlutafélaga. Þær ástæður sem kunna að leiða til þess að einstaklingur sé sviptur lögræði eru þessar:

- a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisjóleika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests.
- b. Ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé og einhver þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í a- og c-lið eiga við um viðkomandi.
- c. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

### III.

Þegar metið er hvort gera eigi þá kröfu til stjórnarmanna að þeir séu lögráða er rétt að hafa í huga þau verkefni sem stjórn er ætlað að sinna. Í V. kafla frumvarps til laga um félög til almannaheilla er að finna ákvæði um stjórnun félags. Þar er nánar tiltekið fjallað um stjórn (19. gr.), ritun firma (20. gr.), vanhæfi stjórnarmanna og starfsmanna (21. gr.) og bókhald og ársreikning (22. gr.). Þessar reglur gefa glögga mynd af því hversu mikilvægu hlutverki stjórn hefur að gegna í félagi. Þannig er lagt til grundvallar að hlutverk stjórnar í tengslum við fjárhagslegar ráðstafanir geti verið mjög umfangsmikið. Meðal annars er gert ráð fyrir að félag geti haft með höndum verulegan atvinnurekstur. Auk þess er félögum skylt að færa bókhald og semja ársreikning í samræmi við lög um bókhald, sbr. 22. gr., en stjórn og framkvæmdastjóri félags skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lögin.

Að því er varðar verkefni stjórnar sérstaklega skal nefnt að samkvæmt 19. gr. skal stjórn móta stefnu og skipuleggja starf félagsins, hún skal funda reglulega til að hafa eftirlit með rekstri félagsins og taka ákvarðanir um starf þess, hún kemur fram fyrir hönd félags. Framkvæmdastjóri, ef hann er ráðinn, annast daglegan rekstur félagsins og skal hlíta stefnu og fyrimælum stjórnar. Einnig skal stjórnin sjá til þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og ber ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár. Þá skal stjórnin sjá til þess að fjármunum félagsins sé ráðstafað á forsvaranlegan hátt í samræmi við tilgang félagsins. Loks getur einungis stjórn félags veitt og afturkallað prókúruumboð.

Af framansögðu má ráða að mörg af verkefnum stjórnar snúa að fjármálum félags og eftirliti með bókhaldi þess. Þá ber stjórn ábyrgð á samningu ársreiknings sem er eitt af grundvallar verkefnum hennar. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt 1. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald eru hvers kyns félög sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu bókhaldsskyld. Samkvæmt 1. gr. laga, nr. 3/2006 um ársreikninga gilda lögin m.a. um félög sem stunda atvinnurekstur svo og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Í því felst m.a. að stjórn og framkvæmdastjóri skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skilum til ársreikningaskrár.

Fullyrða má að þau verkefni sem almennt hvíla á stjórnnum félaga varðandi fjármál eru um margt flóknari en fjármál einstaklinga. Frá sjónarhóli almannahagsmuna má því spyrja hvort eðlilegt sé að einstaklingur, sem ekki telst fær um að ráða sínum eigin fjármálum, sé talinn fær um að binda lögaðila við sams konar ráðstafanir. Hafi löggjafinn á annað borð talið að hann hafi ekki þroska og reynslu til slíkra ráðstafana, sbr. 1. gr. lögræðislaga, að því er varðar eigin málefni, virðist einkennilegt að hann verði talinn hafa þennan sama þroska og reynslu til að binda lögaðila fjárhagslega og undirrita ársreikninga fyrir hans hönd.

#### IV.

Því hefur verið hreyft að til greina komi að einstaklingar undir 18 ára aldri sem setjast í stjórnir almennra félaga komi ekki að neinum ákvörðunum sem varða fjárhagslegar skuldbindingar félagsins. Vandinn við þetta sjónarmið er sá að það virðist illa samrýmast því hlutverki sem stjórn er ætlað að gegna í félagi. Í hlutafélögum er þannig við það miðað, svo dæmi sé nefnt, að stjórnarmenn verði að meta sjálfstætt og á eigin ábyrgð hvort ákvarðanir þeirra eru lögmætar eða ekki.

Stjórnarmenn í almennum félögum hafa mjög ríkar skyldur, bæði gagnvart félagsmönnum, svo og gagnvart þriðja manni, t.d. viðsemjendum félagsins. Ákvarðanir teknar af stjórn geta þannig t.d. bakað stjórnarmanni skaðabótaskyldu, að uppfylltum skilyrðum bótaábyrgðar, gagnvart þessum aðilum. Til samanburðar má nefna, hvað varðar skaðabótaábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum, að sama mælikvarða er að meginstefnu beitt gagnvart öllum stjórnarmönnum. Almennt skiptir ekki máli hvort stjórnarmaður hafi menntun, reynslu af stjórnarstörfum eða öðrum störfum.

#### V.

Með allt framangreint í huga er það niðurstaðan að rétt sé að gera lögræði að skilyrði fyrir setu í stjórn félags til almannaheilla, eins og almennt á sviði félagaréttar. Er sú krafa eðlileg með tilliti til þess hlutverks stjórnarmanna að hafa eftirlit með fjármálum félags og þeirri ábyrgð sem þeir bera, bæði gagnvart félagsmönnum, svo og gagnvart þriðja manni. Hvað sem þessu líður getur löggjafinn ákveðið að fara aðra leið.